

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

Reykjavík, 29. september 2025.

Efni: Umsögn Mannréttindastofnunar Íslands við drög að aðgerðalista aðlögunaráætlunar vegna áhrifa loftslagsbreytinga á Íslandi.

Á vettvangi Sameinuðu þjóðanna hefur verið viðurkennt að réttur til heilnæms umhverfis teljist til mannréttinda, en í því felst réttur sérhvers einstaklings til að búa í hreinu, heilbrigðu og sjálfbæru umhverfi. Til þess að tryggja þennan rétt þarf að leggja áherslu á verndum umhverfisins, m.a. með því að sporna við loftslagsbreytingum. Rík tengsl eru á milli mannréttinda og loftslagsbreytinga og ljóst að loftslagsbreytingar hafa haft neikvæð áhrif á vernd mannréttinda um allan heim. Í samræmi við það hafa alþjóðlegir eftirlitsaðilar á sviði mannréttinda lagt aukna áherslu á þessi mál á undanförunum árum, líkt og endurspeglast m.a. í athugasemdum til íslenska ríkisins frá nefnd Sameinuðu þjóðanna um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi frá árinu 2024 og nefnd Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins frá árinu 2022.

Ljósi þeirra áhrifa sem loftslagsbreytingar hafa þegar haft og koma til með að hafa á íslenskt samfélag fagnar Mannréttindastofnun Íslands því að stefnt sé að því að samþykkja fyrstu aðlögunaráætlun Íslands vegna áhrifa loftslagsbreytinga. Stofnunin hefur ekki haft tæk á því að kynna sér áætlunina með ítarlegum hætti en vill þó koma eftirfarandi sjónarmiðum á framfæri. Mannréttindastofnun bendir á mikilvægi þess að tryggja mannréttindamiðaða nálgun í stefnumótun stjórnvalda um aðlögun íslensks samfélags að loftslagsbreytingum. Í því sambandi þarf að huga sérstaklega að réttindum jaðarsetta hópa sem eru oft viðkvæmastir fyrir áhrifum loftslagsbreytinga. Stofnunin fagnar því að sérstaklega sé komið inn á það í B hluta áætlunarinnar að viðkvæmir og jaðarsettir hópar standi alla jafna hallari fæti gagnvart afleiðingum

loftslagsbreytinga. Stofnunin saknar þess þó að komið sé með beinum hætti inn á tengsl mannréttinda og loftslagsbreytinga í þessu sambandi. Til dæmis mætti taka fram að nauðsynlegt sé að auka þekkingu á áhrifum loftslagsbreytinga á mannréttindi og jafnrétti. Sömuleiðis mætti auka áherslu á þetta samspil í öðrum aðgerðum, s.s. um þekkingarsköpun, samhæfingu og samstarf.

Að lokum bendir Mannréttindastofnun Íslands á að hlutverk hennar er meðal annars að vera stjórnvöldum til ráðgjafar um eflingu og vernd mannréttinda og er stofnunin því reiðubúin í frekara samtal og samráð um aðgerðaáætlunina eða önnur málefni sem varða mannréttindi með einum eða öðrum hætti.

Virðingarfyllst,



Margrét María Sigurðardóttir,
framkvæmdastjóri